

**Nd.**

**554. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um þingsköp Alþingis á þgskj. 514.

Frá minni hluta þingskapanefndar.

1. *Við 2. gr.*

Í stað orðanna »Jeg sver — á Alþingi« skal setja:

Þvi heiti jeg, að halda stjórnarskrá landsins og leggja það eitt til mála á Alþingi, sem jeg veit sannast og rjettast. Vinn jeg lögeið að þessu heiti minu.

2. *Við 5. gr.*

Úr 1. málsgrein 5. gr. skal fella orðin: »og einnig frestað að taka kosning gilda til þess að fá skýrslur«.

3. *Við 9. gr.*

9. gr. skal orða svo:

Nú deyr efri deildar þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosning, og annar maður er kosinn í hans stað, þá skal kjósa 1 mann til efri deildar með þeim hætti, sem segir í 6. gr.

4. *Við 11. gr.*

Í stað orðanna: »Hann skal ráða — samþykki forsetanna« i síðari málsgrein skal koma:

Hann skal aðstoða forseta, er þeir ráða þingskrifara og aðra starfsmenn, og má gera tillögur um það.

5. *Við 16. gr.*

Nefndirnar skal skilgreina svo:

1. Fjárhagsnefnd. Hún skal vera reikningslaganefnd og hafa tekjukafla fjárlaganna til meðferðar, skattamál og tollmál og önnur fjárhagsmál, sem hverfa eigi undir fjárveitinganefnd.
2. Fjárveitinganefnd. Hún hefir með höndum allar fjárveitingar og gjaldakafla fjárlaganna.
3. Samgöngumálanefnd. Undir hana hverfa öll samgöngumál á sjó og landi.
4. Landbúnaðarnefnd. Hún fjallar um öll búnaðarmál og jarðrækt, þar á meðal skógrækt og sandgræðslu.
5. Sjávarútvegsnefnd. Undir hana hverfa fiskiveiðamál og fiskiskipastóll, farmenska og þess háttar mál.
6. Mentamálanefnd. Hún fjallar um skólamál og fræðslumál, listir og visindi.
7. Verslunarnefnd og iðnaðar. Hún fjallar um öll verslunarmál og iðnað, kjör daglaunamanna og atvinnumál, sem eigi hverfa undir 4. og 5. nefnd.
7. Allsherjarnefnd. Hún fer með þau mál, sem hverfa eigi undir neina af hinum nefndunum.

6. *Við 32. gr.*

Síðustu málsgrein »Breytingartillögur — fram að ganga« skal fella niður.

7. *Við 35. gr.*

Fyrir *prisvar* í fyrri málsgrein skal setja:  
svo oft sem honum þykir þurfa.

8. *Við 46. gr.*

3. og 5. málsgrein skal fella burt.